

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Deiliskipulag Skógarhverfis, 1. áfangi.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 12. september 2017, breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis, 1. áfanga. Breytingin felst í að sunnan Asparskóga er gert ráð fyrir tveggja hæða fjölbýlishúsum án bílageymslna í stað þriggja hæða húsa með bílageymslum. Einnig stækkar skipulagssvæðið sem nemur einni lóðaröð norðan Asparskóga með sams konar tveggja hæða fjölbýlishúsum. Hærri hús verða á þremur lóðanna. Jafnframt eru gerðar breytingar á skilmálum m.a. um íbúðafjölda. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulag Skógarhverfis, 2. áfangi.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 12. september 2017, breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis, 2. áfanga. Almenn breyting er á ákvæðum um bílastæði fyrir fjölbýlishús. Breyting á lóðamörkum og sameining byggingarreita á lóðunum við Álfalund 6-12 og Akralund 13-23. Raðhús og parhús við Álfalund 2-26 (jafnar tölur) og Akralund 13-41 (oddatölur) verða einnar hæðar í stað tveggja hæða. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Akranesi, 26. september 2017.

Hafdís Sigurþórsdóttir,
fulltrúi skipulags- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2017